



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

4. mars 2016

### Yfirlit vegna bókhaldslegs aðskilnaðar Íslandspósts árið 2014

Íslandspóstur ohf. (ÍSP) hefur í samræmi við ákvæði 18. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu og reglugerðar nr. 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekinda afhent Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) kostnaðarlíkan ásamt sundurliðuðum bókhalds- og fjármálaupplýsingum vegna rekstrarársins 2014. Þar kemur fram að ÍSP aðgreinir í sínu bókhaldi tekjur og kostnað vegna einkaréttar frá annarri alþjónustu og þjónustu utan alþjónustu. ÍSP byggir á afstöðu PFS, sem fram kemur í ákvörðun stofnunarinnar nr. 18/2013.

Kostnaðarlíkan ÍSP byggir á aðferðarfræði langtíma viðbótarkostnaðar (LRIC)<sup>1</sup>, en um er að ræða svokallaða „top down“ LRAIC<sup>2</sup> útfærslu þar sem langtíma meðaltals viðbótarkostnaður er leiddur fram. Byggt er á sögulegum rekstrarkostnaði og notast við árgreiðsluáðferð þar sem ávöxtunarkrafa miðast við vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC) vegna eigna sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu og tekið er tillit til metins líftíma við útreikninga á afskriftum. Framangreint er í samræmi við 4. mgr. 16. gr. laga nr. 19/2002 að verðlagning alþjónustu skuli taka mið af raunkostnaði að viðbættum hæfilegum hagnaði.

Gert er ráð fyrir að alþjónusta beri að mestu kostnað vegna dreifikerfisins, en samkeppni utan alþjónustu beri viðbótarkostnað í samræmi við notkun á dreifikerfinu. Það er sá kostnaður sem væri umflýjanlegur ef félagið hætti að bjóða upp á samkeppnisvörur utan alþjónustu. Aðferð við útteilingu kostnaðar í hinu nýja líkani byggir að miklu leyti á verkgrunduðum kostnaðarreikningi sem félagið hefur þróað mörg undanfarin ár.

PFS telur að framangreint kostnaðarlíkan sem ÍSP lagði fram í endanlegri útgáfu þann 27. janúar sl. vegna ársins 2014 byggi á viðurkenndri aðferðarfræði og sé í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 313/2005 hvað varðar framkvæmd aðgreiningar.

---

<sup>1</sup> LRIC er skammstöfun fyrir „Long-Run Incremental Cost“ eða langtíma viðbótarkostnað. Kostnaður sem bætist við eða sparast við það að tiltekin starfsemi bætist við eða leggst af á þeim forsendum að allur kostnaður er breytilegur.

<sup>2</sup> LRAIC er skammstöfun fyrir „Long-Run Average Incremental Cost“ eða langtíma meðaltals viðbótarkostnað. en þá er stuðst við meðaltals einingarkostnað. Með „top down“ er átt við að byggt er á sögulegum kostnaði viðkomandi fyrirtækis.

Samandregið yfirlit yfir tekjur og gjöld eftir starfspáttum fyrir árið 2014:<sup>3</sup>

	Einkaréttur	Samkeppni innan alþjónustu	Samkeppni utan alþjónustu	Samtals
Tekjur	2.746.717	2.938.738	1.124.410	6.809.865
Gjöld	-2.739.323	-3.446.420	-899.754	-7.085.497
<b>Afkoma starfspátta</b>	<b>7.394</b>	<b>-507.682</b>	<b>224.656</b>	<b>-275.632</b>
<b>Afstemming við ársreikning:</b>				
Reiknaðir fjármagnsliðir og afskriftir umfram bókfærðir				306.492
Afkoma dóttur- og hlutdeildarféлага				-74.969
Annað				2.397
Tekjuskattur				-1.266
<b>Afkoma ársins</b>				<b>-42.977</b>

Ofangreint yfirlit sýnir að verðgrundvöllur einkaréttar er í samræmi við 16. gr. laga nr. 19/2002, en tekjur einkaréttar eru 7 millj. kr. yfir gjöldum eða sem nemur um 0,3%. Í gjöldum einkaréttar er meðtalinn sá kostnaður sem einkarétti er heimilt að greiða niður vegna alþjónustu sem ekki fellur undir einkarétt í samræmi við 2. másl. 6. mgr. 16. gr. laga nr. 19/2002. Á það sérstaklega við um kostnað vegna útburðar í dreifbýli og rekstur afgreiðslunets eins og fram kemur í ákvörðun PFS nr. 17/2015.

PFS byggir afstöðu sína á ársreikningi félagsins sem áritaður er af Ríkisendurskoðun, yfirferð á kostnaðarlíkani ásamt skýringum, gögnum úr bókhaldi ÍSP og upplýsingum sem stjórnendur fyrirtækisins hafa lagt fram sem rökstuðning fyrir bókhaldslegri aðgreiningu. Jafnframt hefur ÍSP í samræmi við fyrirmæli PFS lagt fram álitgerð óháðs löggilts endurskoðunaraðila, þar sem m.a. kemur fram að samræmi er á milli lýsingar ÍSP um það hvernig kostnaði er skipt og framkvæmdar á bókhaldslegum aðskilnaði félagsins á árinu 2014.

Með vísun til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 19/2002 um pósthjónustu staðfestir PFS hér með að bókhald ÍSP vegna ársins 2014 er í samræmi við reglugerð nr. 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekenda.

<sup>3</sup> Fjárhæðir eru í þúsundum króna.